



Eftirlit með snyrtivörum

*Eftirlit með bönnuðum parabenum í
snyrtivörum frá löndum utan EES*



Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Það er mikilvægt að tryggja að allar snyrtivörur á markaði séu öruggar og uppfylli kröfur reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Þá er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að snyrtivörur hér á markaði innihaldi ekki bönnuð efni. Þann 30. október 2014 tók gildi hér á landi bann við framleiðslu snyrtivara sem innihéldu eftirfarandi paraben: bensýl-, ísóbútýl-, ísóprópýl-, pentýl- og fenýlparaben. Frá og með 30. júlí 2015 mátti ekki selja snyrtivörur sem innihéldu framangreind paraben. Heimilt er áfram að nota bútýl-, etýl-, metýl- og própýlparaben í snyrtivörum.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverki sínu skv. efnalögum nr. 61/2013 sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lög.



1. Tilgangur og markmið

- Að skoða innihaldslýsingu á umbúðum snyrtivara sem framleiddar eru utan evrópska efnahagssvæðisins (EES) í þeim tilgangi að athuga hvort slíkar vörur innihaldi bönnuð paraben, þ.e. bensýl-, ísóbútýl-, ísóprópýl-, pentýl- og fenýlparaben. Um er að ræða snyrtivörur á borð við augnfarða, fljótandi hörundsáburði, sjampó og hárnæringu. Voru vörurnar skoðaðar hjá birgjum sem helst flytja inn slíkar snyrtivörur frá Bandaríkjunum, Kanada og Kína.
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur og kröfur um merkingar og takmarkanir um innihaldsefni.
- Að auka neytendavernd.

2. Framkvæmd

Fyrirtækin í úrtaki eftirlitsins voru voru forgangsörðuð eftir magni innflutnings af snyrtivörum sem framleiddar voru utan EES samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra um tollafgreiðslu á árinu 2015. Í töflunni hér að neðan er listi yfir þau tíu fyrirtæki sem lentu í úrtakinu, vöruflokkar þeirra og frá hvaða landi vörurnar koma.

Fyrirtæki	Vöruflokkur	Land
Artica hf.	Augnfarði	Kanada og Bandaríkin
Kostur lágvöruverðsverslun ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Medico ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Parlogis ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Nathan & Olsen hf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Bændahöllin ehf./Radisson BLU	Fljótandi hörundsáburður	Kína
Gyðja Collection ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Kína

Kaupás hf.	Hárvörur, hárnæring	sjampó	og	Bandaríkin
Rekstrarvörur ehf.	Hárvörur, hárnæring	sjampó	og	Bandaríkin
Halldór Jónsson ehf.	Hárvörur, hárnæring	sjampó	og	Kína

Eftirlitsferðir fóru fram dagana 14.-16. júní 2016. Við komuna á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem gert var grein fyrir verkefninu, umfangi þess og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur. Í bréfinu var einnig upplýst um að samantektarskýrsla um eftirlitsverkefnið yrði birt á heimasíðu stofnunarinnar. Þá var einnig afhent bréf um markaðsetningu snyrtivara til þess að upplýsa fyrirtækin um merkingar og innihaldsefni snyrtivara. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hafi farið fram.

Hjá hverju fyrirtæki voru skoðuð allt að tíu vörur. Ljósmyndir voru teknar af umbúðunum og innihaldslýsingu varanna.

Við skoðun snyrtivaranna var kannað hvort þær innihéldu bönnuð paraben sem eru á bannlista skv. viðauka II í reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Niðurstöður eftirlitsins og eftirlitsskýrslur voru send til birgja dagana 30. júní og 6. júlí.

3. Helstu niðurstöður

Í heildina voru 45 snyrtivörur skoðaðar, sérstaklega augnfarðar, fljótandi hörundsáburðir, sjampó og hárnæring, hjá alls tíu fyrirtækjum og var fjöldi vara í hverju fyrirtæki á bilinu ein upp í tíu. Ekkert af fyrirtækjunum í úrtakinu fluttu inn snyrtivörur frá löndum utan EES sem innihéldu bönnuð paraben, þ.e. bensýl-, ísóbútýl-, ísóprópýl-, pentýl- og fenýlparaben.

Viðbrögð fulltrúa fyrirtækjanna í eftirlitinu voru almennt jákvæð. Fulltrúarnir voru misvel upplýstir um bönnuðu parabenin en sýndu mikinn áhuga á verkefninu.

Bréf voru send á alla birgja sem tóku í verkefninu og var þeim gert grein fyrir niðurstöðu eftirlitsins og tilkynnt um málslok hvað verkefnið varðar.

22. júlí 2016

Einar Oddson

Júlía Rós Hafþórsdóttir